

Félagsráðgjöf

September 2008

**Fangelsisvist og fjölskyldutengsl: líðan,  
óskir og þarfir aðstandenda fanga**

„...eins og við værum bara eitthvað auka...”

**Höfundur:  
Berglind Ósk Filippíudóttir**

Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusóttir

Berglind Ósk Filippíudóttir  
260580-4859

Félagsvísindadeild  
Háskóla Íslands

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Útdráttur.....	3
Þakkarorð.....	4
Inngangur .....	5
<b>Kaflí 1. Fangelsi.....</b>	<b>7</b>
1.1 Fangelsismálstofnun ríkisins.....	7
1.2 Markmið fangelsanna.....	7
1.3 Lög um fullnustu refsinga.....	8
1.4 Evrópskar fangelsisreglur .....	9
1.5 Réttarfélagsráðgjöf.....	10
1.6 Fangelsi Íslands.....	11
<b>Kaflí 2. Réttur fanga og aðstandenda .....</b>	<b>12</b>
2.1 Heimsóknir.....	12
2.2 Símatímar og bréfaskipti.....	13
2.3 Reglubundin dagsleyfi .....	13
2.4 Skammtímaleyfi .....	14
2.5 Félag aðstandenda-Aðgát.....	15
2.6 Trúnaðarráð fanga-Afstaða .....	15
<b>Kaflí 3. Fjölskyldan.....</b>	<b>16</b>
<b>Kaflí 4. Framkvæmd rannsóknar.....</b>	<b>17</b>
4.1 Rannsóknaraðferð .....	18
4.2 Markmið rannsóknar .....	18
4.3 Val á þátttakendum og aðgengi.....	19
4.3.1 Þátttakendur .....	19
4.4 Gagnasöfnun .....	20
4.5 Skráning og úrvinnsla gagna.....	20
<b>Kaflí 5: Niðurstöður.....</b>	<b>20</b>
5.1 Þjónusta við aðstandendur .....	20
5.1.1 Skortur á upplýsingum.....	21
5.1.2 Úrbætur á upplýsingagjöf .....	22
5.2 Heimsóknir.....	25
5.2.1 Aðstæður til heimsókna .....	25
5.2.2 Úrbætur á heimsóknaraðstöðu .....	27
5.3 Þörfin fyrir stuðning.....	28
<b>Umræða.....</b>	<b>30</b>
<b>Heimildir .....</b>	<b>34</b>
<b>Viðauki A .....</b>	<b>36</b>
<b>Viðauki B .....</b>	<b>38</b>
<b>Viðauki C .....</b>	<b>39</b>

## Útdráttur

Aðstandendur fanga er hópur í samfélaginu sem hefur fengið litla athygli og er oft á tíðum falinn hópur innan samfélagsins. Er fangi hefur afplánun gleymast þeir oft sem við hlið þeirra standa; sjálf fjölskyldan. Að viðhalda fjölskyldutengslum er mikilvægur þáttur fyrir fanga og ekki síst fjölskylduna sjálfa sem horfir á eftir einum úr fjölskyldunni til innilokunar. Þó hafa aðstandendur fengið byr undir vængi sína með stofnun samtakanna, *Aðgát* en starfsemi þeirra snýr að aðstandendum og stuðningi við þá. Helstu markmið rannsóknar þessarar var að skoða þá þjónustu sem aðstandendum stendur til boða og hvernig henni er komið til skila og jafnframt að fá fram óskir þeirra í tengslum við þjónustuna. Einnig var litið á líðan aðstandenda í því langa ferli sem afplánun getur oft verið. Niðurstöður sýndu að þjónusta við aðstandendur er ekki nægilega sýnileg og skortur á grunnupplýsingum er til staðar. Óánægja með heimsóknaraðstöðu var áberandi sem og tilfinningaleg upplifun aðstandenda í ferlinu. Aðstandendum þótti mikilvægt að bæta upplýsingamiðlun og aðstöðu til heimsókna sérstaklega hvað varðaði börn sem fara til heimsókna í fangelsið.

## **Þakkarorð**

Ég vil koma á framfæri þökkum til þeirra aðstandenda er gáfu sér tíma til að opna hjarta sitt fyrir mér. Einnig vil ég þakka meðlimum *Afstöðu* fyrir að upplýsa mig um starfsemi félagsins og félagi aðstandenda *Aðgát* fyrir að leyfa mér að sitja fund. Auk þess vil ég þakka félagsráðgjöfum Fangelismálastofnunar sem og stofnuninni sjálfri fyrir að upplýsa mig um stöðu aðstandenda og þá þjónustu sem fyrir hendi er. Síðast en ekki síst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Sigrúnu Júlíusdóttur prófessor í félagsráðgjöf, fyrir góða aðstoð.

## Inngangur

Fjölskyldan er griðarstaður okkar flestra og þar deila einstaklingar gleði og sorg. Fangelsun hefur ekki eingöngu áhrif á viðkomandi fanga heldur alla þá sem að honum standa; foreldra, systkini og jafnvel börn. Þrátt fyrir opið samfélag á okkar tímum eru aðstandendur fanga nokkuð falinn hópur en enginn ber það utan á sér að vera hluti af þeim hópi.

Hugmynd að ritgerð þessari skapaðist er höfundur starfaði í fangelsi hér á landi og leiddi hugann að áhugaverðu ritgerðarefni í tengslum við þann málaflokk sem hafði vakið hvað mestan áhuga í gegnum ævina; afbrotamenn. Við nánari íhugun beindist áhuginn að þeim sem standa föngunum næst, fjölskyldunni. Í ritgerðinni er leitast eftir að svara spurningunni: hverjar eru þarfir og óskir aðstandenda fanga í tengslum við afplánun en þó voru fleiri spurningar sem rannsakandi leiddi hugann að í byrjun. Þar á meðal voru spurningar um líðan aðstandenda í þessu ferli og spurningar um stuðning við aðstandendur. Athygli er sérstaklega beint að foreldrum fanga sem og systkinum, börnum og mökum. Vonast er til að rannsakandi hafi vakið áhuga á efninu og jafnframt að efnið verði rannsakað enn frekar er fram líða stundir.

Ritgerðin geymir í fyrsta lagi almennar upplýsingar um uppbyggingu fangelsa hér á landi, umfjöllun um Fangelsismálstofnun ríkisins og markmið fangelsanna. Jafnframt er fjalla um lög og reglugerðir er lúta að málaflokknum sem og starf félagsráðgjafans í tengslum við það.

Í öðrum kafla er fjallað um réttindi fanga og aðstandenda er snúa að heimsóknum, símatímum og bréfaskiptum. Einnig er athygli beint að ákvæðum um dagsleyfi og svokölluð skammtímaleyfi fanga. Í lok kaflans er svo greint frá starfsemi félagsins *Aðgát* en þangað geta aðstandendur leitað eftir stuðningi og upplýsingum. Auk þess er greint frá starfsemi trúnaðarráðs fanga *Afstöðu* en félagið starfar í þágu fanga og fjölskyldna þeirra.

Þriðji kafla snýr að fjölskyldunni; skilgreiningu á hugtakinu og þar er litið á rannsóknir sem tengjast fjölskyldum og föngum.

Í fjórða kafla er fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar og á þætti sem að henni snúa s.s. rannsóknaraðferðina, markmið rannsóknarinnar, val á þátttakendum og upplýsingar um söfnun og úrvinnslu gagna.

Í fimmta kafla eru lagðar fram niðurstöður rannsóknarinnar og hafa gögnin verið flokkuð í þrjú þemu en tvö þeirra skiptast í undirþemu einnig. Fyrsta þemað snýr

að þjónustu við aðstandendur, þar sem undirþemun fjalla um skort á upplýsingum og síðar úrbætur í þeim efnum. Annað þema er laut að heimsóknum og snéri að aðstöðu til heimsókna og úrbótum í tengslum við þær. Síðasta þemað byggir á þörfinni fyrir stuðning og greinir frá þeim stuðningi er viðmælendur sækjast eftir hjá félagi aðstandenda.

Í lok ritgerðar er umræðukafli þar sem efni niðurstaðna er hnýtt saman en mikilvægt er að hafa í huga að rannsóknin beinist að þeim viðmælendum er tóku þátt en ekki hópi aðstandenda í heild sinni. Eigindlegri aðferð var beitt til að varpa ljósi á líðan, óskum og þörfum aðstandenda fanga í samfélaginu. Niðurstöður gefa þannig mynd af reynslu þeirra sem rætt var við en leyfa ekki algildar ályktanir um málefnið.

# Kafli 1. Fangelsi

## 1.1 Fangelsismálastofnun ríkisins

Fangelsismálastofnun ríkisins tók til starfa árið 1989. Fangelsismálastofnun var stofnuð í kjölfar heildarúttektar á fangelsismálum á Íslandi en þar voru lög og reglugerðir endurskoðaðar. Sama ár tóku gildi ný lög um fangelsi og fangavist. Fangelsismálastofnun tók við verkefnum Skilorðseftirlits ríkisins sem var lagt niður en stofnunin tók einnig yfir verkefni frá fangelsismáladeild Dómsmálaráðuneytisins (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2002).

Fyrst um sinn var stofnuninni skipt upp í tvær megindeildir, fullnustudeild og félagsmáladeild. Það kom í hlut fullnustudeildar að sjá um fullnustu refsinga en í félagsmáladeild var farið með mál þeirra er hlutu ákærufrestun, skilorðsbundna dómur eða skilorðsbundna reynslulausn og náðun. Auk þessa kom það í hlut félagsmáladeildar að sjá um félagslega þjónustu við fanga en lögð var sérstök áhersla á það við stofnun Fangelsismálastofnunar ríkisins að efla þá þjónustu. Um hríð störfuðu fjórir sérfræðingar í deildinni ásamt einum sálfræðingi sem sinnti sálfræðiþjónustu í fangelsunum samhliða starfi í félagsmáladeild. Deildarskipting þessi er þó ekki lengur til staðar og starfar nú sérfræðingar hver á sínu sviði og heyra allir undir forstjóra stofnunarinnar (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2002).

Hjá Fangelsismálastofnun ríkisins starfa í allt um 100 manns, þar af eru um 80 fangaverðir, 15 á aðalskrifstofu og aðrir eru á skrifstofum eða í yfirstjórn fangelsanna. Um helmingur starfsmannanna starfar í fangelsinu að Litla-Hrauni (Fangelsimálastofnun ríkisins, e.d. a).

## 1.2 Markmið fangelsanna

Markmið með rekstri fangelsa hér á landi er sá að fullnusta refsidóma og að fangelsun fari fram með öruggum hætti og réttaröryggi almennings sé tryggt. Mikilvægt er, skv. fangelsismálastofnun, að sett séu þau markmið að föngum sé tryggt örugg og vel skipulögð afplánun. Samskipti fanga og starfsfólks fangelsanna sem og fangelsismálastofnunar skulu mannleg og virðingarverð. Mikilvægt er að hafa aðstæður og umhverfi fyrir fangann þannig að hann nái að takast á við vandamál sín. Fangelsismálastofnun telur að þessum markmiðum verði náð með því að setja fram einstaklingsmiðaða áætlun fyrir hvern og einn fanga í upphafi refsivistar. Hluti af þessari áætlun væri að fanginn gengi undir áhættumat, meðferðarmat, litið sé á getu til

náms eða vinnu og síðast en ekki síst þörfina fyrir sálfræðilegan og félagslegan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum og áætlunin endurskoðuð ef þurfa þykir (Valtýr Sigurðsson, 2004). Meðferðar-og vistunaráætlun er unnin skv. 17. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Þegar loks kemur að lokum afplánunar yrði stuðlað að því að fanginn ætti fastan samastað, gæti leitað eftir aðstoð, næði að fóta sig í samfélaginu og síðast en ekki síst hefði órofin tengsl við fjölskylduna (Valtýr Sigurðsson, 2004).

### 1.3 Lög um fullnustu refsinga

Árið 2001 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, nefnd er fékk það verkefni að gera heildarskoðun á lögum og reglum um fullnustu refsidóma. Að þessari heildarskoðun lokinni, átti nefndin að semja lagafrumvarp er ætlað var að leysa af hólmi lög um fangelsi og fangavist sem tóku gildi árið 1989 sem og önnur lagaákvæði er tóku til fullnustu refsinga (Björn Bjarnason, 2004).

Frumvarp til laga um fullnustu refsinga var fyrst lagt fyrir af dómsmálaráðherra á 130. löggjafarþingi (þingárið 2003-2004) en dómsmálaráðuneytið hafði unnið frumvarpið í samvinnu við fangelsismálastofnun. Frumvarpið kom á borð Allsherjarnefndar Alþingis og var í framhaldinu sent fjölmörgum til umsagnar. Sökum fjölda þeirra er töldu að frumvarpið þyrfti að athuga betur, var það dregið til baka og tekið til endurskoðunar (Björn Bjarnason, 2004).

Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005 voru samþykkt á 131. löggjafarþingi (þingárið 2004-2005). Með lögum þessum voru hin ýmsu lög og reglugerðir er lutu að fullnustu refsinga skipuð í ein heildarlög er varða réttindi og skyldur dæmdra manna. Við gerð þessara laga var litið bæði til danskra og norskra laga er sett voru árið 2000, ákvæða evrópskra fangelsisreglna er settar voru af Evrópuráðinu í febrúar 1987 og einnig var höfð hliðsjón af fjölmörgum álitum umboðsmanns Alþingis (Björn Bjarnason, 2004).

Þó nokkur fjöldi reglugerða og laga féll úr gildi við gildistöku laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og reglugerðar nr. 961/2005 en þar ber að nefna lög um fangelsi og fangavist nr. 48/1989, reglugerð um fullnustu refsidóma nr. 029/1993, reglugerð um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992, reglugerð um bréfaskipti nr. 119/1990, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga sem og reglugerð um leyfi afplánunarfanga

til dvalar utan fangelsis nr. 719/1995 svo fátt eitt sé nefnt (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d. b).

Samkvæmt dóms-og kirkjumálaráðneytinu gilda ekki aðrar reglur um fullnustu refsinga og heimildir til að fá heimsóknir maka, barna og annarra fjölskyldumeðlima en þær reglur sem byggja á lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og reglugerð nr. 961/2005. Til að fá rétt til heimsókna, dagsleyfa eða skammtímaleyfa verður fangi að uppfylla skilyrði fullnustulaganna sem lúta að þessum þáttum. Reynt er að skipuleggja afplánun þannig að fjölskyldan eigi sem auðveldast með að heimsækja viðkomandi fanga en það getur þó reynst erfitt sökum þess að fangelsin eru ekki mörg og ekki staðsett í hverjum landsfjórðungi (Skúli Gunnsteinsson, munnleg heimild 3. apríl 2008).

## 1.4 Evrópskar fangelsisreglur

Evrópskar fangelsisreglur litu fyrst dagsins ljós árið 1973 og voru síðar endurskoðaðar árið 1987. Nýjum evrópskum fangelsisreglum var komið á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins, sem Ísland er aðili að, árið 2006. Þó að reglur þessar séu ekki bindandi að þjóðarrétti þ.e. ekki sé hægt að nota þær fyrir dómstólum, þá er tilgangur þeirra að mæla fyrir um lágmarksvernd fanga og ætlast er til að þær hafi áhrif á löggjöf, stefnumörkun og framkvæmd í fangelsismálum aðildarríkjanna (Ásgerður Ólafsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, Erlendur S. Baldursson og Sigurður Sigursveinsson, 2007). Fjöldi dóma Mannréttindadómstóls Evrópu er luttu að meðferð fanga og kröfur Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu leiddu til þess að ákveðið var að endurskoða evrópsku fangelsisreglurnar árið 2006 (Valtýr Sigurðsson, 2005).

Í evrópskum fangelsisreglum er kveðið skýrt á um *...að þeim tengslum við skyldmenn og samfélagið sem þjóna best hagsmunum fanganna og fjölskyldna þeirra sé haldið við og þau treyst (65. gr. liður c)*. Einnig kemur fram að vista skuli fanga með tilliti til nálægðar við fjölskyldu og að föngum skuli vera leyft að hafa samneyti við fjölskyldur og fólk eftir því sem samræmist meðferðarþörf og fá heimsóknir slíkra aðila svo oft sem unnt er.

Ragna Bjarnadóttir (2007) greinir frá í kandidatsritgerð sinni, áhrifum evrópskra fangelsisreglna á íslenska fangelsislöggjöf. Þar ber hæst gerð meðferðar-og vistunaráætlunar, skráning við móttöku fanga, skylda til að afhenda fanga upplýsingar

við upphaf afplánunar sem og ítarleg ákvæði um þau réttindi fanga til að vera í samskiptum við umheiminn og til að stunda nám og vinnu á meðan á afplánun stendur.

## 1.5 Réttarfélagssráðgjöf

Réttarfélagssráðgjöf er vítt sérfræðisvið innan félagssráðgjafar og tekur til all margra þjónustubáttá. Þar ber hæst aðstoð til fanga og fjölskyldur þeirra, ósakhæfa fanga og unga afbrotamenn, svo fáein dæmi séu nefnd. Réttarfélagssráðgjöf tekur einnig til þeirra er hlotið hafa ákærufrestun og þeirra sem eru á reynslulausn eða skilorði. Réttarfélagssráðgjöfin kemur jafnframt að málum þeirra barna er fara fyrir dóm, hvort sem hlutaðeigendur, gerendur eða fórnarlömb. Í réttarfélagssráðgjöf er byggt á þekkingu á sviði barna- og fjölskyldumála, sérþörfum ungmenna og jaðarhópa í samfélaginu (Félagssvísindadeild Háskóla Íslands, e.d.).

Í skýrslu fangelsismálanefndar um stöðu fangelsismála hér á landi árið 1993 kom fram að efla þyrfti félagslega þjónustu við fanga og fjölskyldur þeirra í formi stuðningsviðtala. Veita þyrfti föngum aðstoð við að ná tókum á lífinu og skipuleggja framtíðina sem og undirbúa komu þeirra út í samfélagið á ný. Fyrsti félagsráðgjafinn var ráðinn til Fangelsismálastofnunar árið 1989 og árið 1991 voru þeir orðnir tveir (Fangelsismálanefnd, 1993). Árið 1995 var enginn starfandi félagsráðgjafi hjá fangelsismálastofnun og hafði því félagsleg aðstoð til fanga færst að miklu leyti til starfsmanna fangelsanna t.a.m. fangavarðanna. Þáverandi forstjóra Fangelsismálastofnunar þótti brýnna að ráða sálfræðing í fullt starf en félagsráðgjafa (Kolfinna Baldvinsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Sonja B. Jónsdóttir, 1995). Það skýtur skökku við í ljósi þess að í skýrslu fangelsismálanefndar árið 1993 kemur fram að félagsleg staða fanga sé oft afar bágborin og að rík þörf sé á markvissri félagslegri aðstoð (Fangelsismálanefnd, 1993).

Í dag hefur Fangelsismálastofnun á að skipa tvo félagsráðgjafa og vinna þeir með föngum allt frá því að þeir hefja afplánun og þar til reynslulausn lýkur. Félagssráðgjafar veita viðtöl og stuðning til afplánunarfanga en einnig nær aðstoðin til þeirra einstaklinga sem sinna samfélagsþjónustu, eru á reynslulausn eða með ákærufrestanir. Samhliða er veittur stuðningur til aðstandenda. Í víðfeðmdu starfi sínu hafa félagsráðgjafarnir einnig samráð við trúnaðarráð fanga, er nefnist *Afstaða* sem og aðstandendafélagið *Aðgát*. Í framtíðinni er stefnt að því að félagsráðgjafar fundi reglulega með þessum félögum (Íris Eik Ólafsdóttir munnleg heimild, 7. mars 2008).

Félagsráðgjafar Fangelsismálastofnunar sitja í heilbrigðisteymi Litla-Hrauns auk þess sem þeir stýra fundum um þróun meðferðar-og vistunaráætlana sem þeir útbúa. Einnig koma þeir að þjónustu, fræðslu og þróun á meðferðargangi sem stofnaður var á Litla-Hrauni þann 12. nóvember 2007. Jafnframt sinna félagsráðgjafar handleiðslu fyrir fangaverði og kenna við Fangavarðaskóla ríkisins (Íris Eik Ólafsdóttir munnleg heimild, 7. mars 2008).

## 1.6 Fangelsi Íslands

Alls eru fimm afplánunarfangelsi á Íslandi: Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, Kvinnafangelsið í Kópavogi, Fangelsið á Akureyri, Fangelsið að Kvíabryggju og Fangelsið að Litla-Hrauni. Á höfuðborgarsvæðinu er 28 fangaklefar, þar af 2 einangrunarklefar. Starfsmenn eru samtals 23 og sinnir einn forstöðumaður báðum fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2004).

Fangelsið að Kvíabryggju er að mestu leyti svo kallað opið fangelsi. Þar eru engir rimlar né er svæðið afgirt að neinu leyti. Þar er einkum reynt að vista menn sem hafa stuttan sakaferil eða mönnum sem er treystandi til að afplána við slíkar aðstæður. Þó er skilyrði fyrir því að þeir fangar sem vistast á Kvíabryggju séu vel vinnufærir og duglegir til vinnu. Fangar hafa nokkuð frjálstan aðgang til úthringinga en þrisvar sinnum í viku er tekið á móti símtölum inn í fangelsið. Heimsóknir í fangelsið eru leyfðar einu sinni í viku (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d. c).

Fangelsið að Litla-Hrauni var stofnað árið 1929 og hýsir gæsluvarðhaldsfanga sem og afplánunarfanga. Fangelsið skiptist í 9 hús; afplánunarhús, vinnustaði fanga, skrifstofu, einangrunardeild, heimsóknaraðstöðu og aðstöðu fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Húsin nefnast Hús 1, Hús 2 o.s.frv. Í Húsi 3 er aðstaða fyrir 22 fanga og í Húsi 4 eru 5 álmur með 11 klefum hver. Fastir starfsmenn á Litla-Hrauni eru 49 talsins; af því eru 29 fangaverðir er ganga vaktir, 15 fangaverðir sem sinna verkstjórn og 5 starfsmenn eru á skrifstofu (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.d). Uppbygging fangelsins að Litla-Hrauni hefur farið fram í nokkrum skrefum. Hús 1, sem hýsir gæsluvarðhald var tekið í notkun árið 1980, Hús 3 þar sem aðstaða er fyrir 22 afplánunarfanga var tekið í notkun árið 1972 og nýjasta byggingin, Hús 4 með klefum fyrir 55 afplánunarfanga var tekið í notkun árið 1995 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.d)

Fangelsið að Litla-Hrauni er skilgreint sem öryggisfangelsi og þar eru 77 almennir fangaklefar auk 9 einangrunarklefa (Fangelsismálastofnun, 2004). Á Litla-

Hrauni hafa fangar þess kost að stunda vinnu og nám. Helstu atvinnumöguleikar fanga eru vörubrettasmíði, hellusteypa, þrif, að starfa í þvottahúsi, skrifbútaframleiðsla, skjalaöskjuframleiðsla, bílnúmera- og skiltagerð, samsetning í járn- og trésmíði og bónun og þvottur bíla (Fangelsimálastofnun ríkisins, e.d.d).

## **Kaflí 2. Réttur fanga og aðstandenda**

Réttur fanga og aðstandenda til heimsókna og innhringinga er mismunandi eftir afplánunarfangelsum landsins. Hér eftir verður einkum farið í heimsóknartíma og símatíma fangelsisins að Litla-Hrauni.

### **2.1 Heimsóknir**

Í lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 er kveðið á um að fangar eigi rétt á heimsóknum í fangelsi eigi sjaldnar en vikulega og getur forstöðumaður fangelsis leyft frekari heimsóknir hverju sinni. Sé heimsóknarherbergi til staðar innan fangelsis, skal heimsókn fara þar fram en að öðrum kosti í klefa viðkomandi fanga. Heimsóknir skulu ávallt fara fram án eftirlits en ákveði forstöðumaður að heimsókn skuli fara fram undir eftirliti eða án snertingar skal slík ákvörðun vera bókuð og rökstudd. Samanber 34. gr. laga um fullnustu refsinga ber forstöðumanni að „...skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila”.

Fangi sækir um heimsókn skriflega á þar til gerðum eyðublöðum. Heimsóknir fara fram þrjá virka daga í viku; miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga á milli 13:00-16:30 en um helgar eru heimsóknartímar tvískiptir og er fyrri heimsóknartími frá 12:30-14:30 og sá seinni frá 15:30-17:30 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.d).

Réttur fanga til heimsókna skv. lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005, virðist vera að mestu leyti í samræmi við ákvæði evrópskra fangelsisreglna um sama efni. Hins vegar er rétt að benda á að skv. 4. mgr. 24. gr. evrópskra fangelsisreglna frá árinu 2006 kemur fram að haga skuli heimsóknum þannig að föngum sé kleift að viðhalda fjölskyldutengslum sínum og þróa þau á eins eðlilegan hátt og kostur er. Í athugasemdum er fylgdu með í greinargerð evrópskra fangelsisreglna frá árinu 2006 er bent á að í mörgum Austur-Evrópulöndum eru heimsóknir maka oft 72

klukkustunda langar. Þó er ekki víst að svo langar heimsóknir séu nauðsynlegar hér á landi (Ragna Bjarnadóttir, 2007).

## 2.2 Símatímar og bréfaskipti

Fangar greiða sjálfir fyrir símanotkun innan veggja fangelsanna. Sérstakir símatímar eru fyrir aðstandendur og aðra til að hringja inn og ná tali af viðkomandi fanga. Innhringitímar eru þrisvar sinnum í viku; þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga og standa frá 18:00-21:30 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.d). Fanginn á einungis rétt á einu símtali á hverjum símatíma og miðast lengd símtala við 10 mínútur fyrir hvern fanga. Með þessum tímatakörkunum ættu allir fangar að njóta þess að fá símtal á innhringitíma.

Frá og með 1. september 2008 falla símatímar úr gildi í fangelsinu að Litla-Hrauni. Í stað þessara innhringitíma gefst fólki kostur á að lesa inn skilaboð á símsvara sem eru síðar færð viðkomandi fanga. Skilaboðin eru lesin fimm til sex sinnum á dag. Ástæðan fyrir þessari breytingu er meðal annars sú að komið hefur fyrir að menn villi á sér heimildir til að ná sambandi við fanga sem kæra sig ekki um það. Fangar geti eftir sem áður hringt út úr fangelsinu og með þessum breytingum verður sá úthringitími í raun rýmri. Fangarnir bera sjálfir kostnað af úthringingum. Komi til þess að þeir eigi ekki peninga, mun starfsfólk bregðast við því (Olav Veigar Davíðsson, 2008).

Að mati forstöðumanns á Litla-Hrauni mun fyrirkomulag þetta ekki eiga eftir að draga úr möguleikum fanga til að hafa samband við fjölskyldur sínar. Komi eitthvað alvarlegt upp á getur aðstandandi ætíð haft samband við varðstjóra eða fangaverði (Olav Veigar Davíðsson, 2008).

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum. Öll sendibréf nema þau sem berast frá lögmanni, umboðsmanni Alþingis eða öðrum opinberum stofnunum ber að opna í viðurvist fangavarða sbr. 37. gr. laga um fullnustu refsinga.

## 2.3 Reglubundin dagsleyfi

Í 44. grein laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 segir: „*Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu reglubundin dagsleyfi til dvalar utan fangelsis til að vera með fjölskyldu sinni eða*

*vinum ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun*”. Heimilt er að veita fanga dagsleyfi mánaðarlega skv. sömu grein.

Fangi getur sótt um dagsleyfi þegar hann hefur setið af sér 1/3 hluta refsitímans en þó ekki skemur en 1 ár. Hafi fangi setið inni í 4 ár og ekki er liðinn 1/3 hluti refsitímans er heimilt að veita honum dagsleyfi. Sæki fangi um dagsleyfi skal hann tíunda það í umsókn sinni hvernig hann hyggst verja tímanum og með hverjum. Áður en leyfi er veitt er heimilt að leita upplýsinga um hvort að heimsókn geti átt sér stað. Dagsleyfi eru 14 og hálf klukkustund; frá 8:00 að morgni til 22:30 að kvöldi. (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d. d).

Hvað varðar ákvörðun um dagsleyfi sbr. 45. gr. laga um fullnustu refsinga, skal taka tillit til afbrots viðkomandi fanga sem og sakar-og afplánunarferils. Einnig skal líta til hegðunar hans innan veggja fangelsisins. Sé viðkomandi fangi með sakamál til meðferðar í dómskerfinu segir jafnframt í greininni: „...skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis”. Jafnframt kemur fram að hafi fangi misnotað fyrra leyfi t.d. með því að fremja refsiverðan verknað á meðan á leyfi stóð skulu líða a.m.k. átta mánuður þar til hægt sé að veita leyfi að nýju. Verði fanginn uppvís að áfengis, ávana-eða fíkniefnaneyslu innan veggja fangelsisins eða fremji hann agabrot í fangelsi kemur ekki til greina að veita dagsleyfi fyrr en að sex mánuðum liðnum frá afbroti.

## **2.4 Skammtímaleyfi**

Að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar getur forstöðumaður veitt fanga skammtímaleyfi til dvalar utan fangelsis skv. 46 gr. laga um fullnustu refsinga til að:

1. heimsækja náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga sem er alvarlega sjúkur að fengnu samþykki viðkomandi eða hans nánasta aðstandanda.
2. vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja eða annars nákomins í fjölskyldu fanga; þó getur fangi verið viðstaddur bæði kistulagningu maka og jarðarför maka síns, niðja eða foreldris.
3. vera viðstaddur fæðingu, skírni eða fermingu barn síns.
4. gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

Til að möguleiki sé að veita ofangreind leyfi skulu liggja fyrir fullnægjandi gögn um þar til greindar aðstæður. Skammtímaleyfi mega vara allt að 8 klukkustundum en þó skulu þó aldrei vara lengur en nauðsyn krefur.

Með nánnum ættingja sbr. 46 gr. laga um fullnustu refsinga í 1. og 2. tölulið hér að ofan, er átt við maka, sambúðarmaka, niðja, stjúpborn, fósturbörn, foreldra, tengdforeldra, systkin, systkinabörn, föður-og móðurforeldra og föður-og móðursystkin.

## 2.5 Félag aðstandenda-Aðgát

Að frumkvæði hjóna nokkurra voru félagasamtök fyrir aðstandendur fanga, *Aðgát*, stofnuð árið 2003. Augljósleg þörf var fyrir samtök sem þessi, þar sem aðstandendur fanga gátu komið saman og skipst á upplýsingum, deilt áhyggjum og síðast en ekki síst fundið stuðning hvert frá öðru. Hugsjónin var og er enn að bæta líðan fanga og aðstandenda þeirra. Fyrst um sinn voru fundir vikulega, sökum þeirrar miklu erfiðleika sem aðstandendur glímdu við en á síðustu misserum hafa fundir verið haldnir einu sinni í mánuði (*Aðgát*, e.d.).

*Aðgát* er ungt félag en býr þó yfir mikilli reynslu og sérstakri þekkingu. Í félaginu eru fulltrúar sem hafa lengi starfað á sviði samfélagsmála, tengst rekstri fangelsiskerfa á erlendri grund og starfað að ýmsum meðferðarúræðum í fangavist. Allur málflutningur félagsins hefur verið vandaður og rækilega rökstuddur og hefur það reynst hið mesta dýrmæti í hinum íslenska frumskógi fangelsismála. Í tengslum við nýtt frumvarp um fullnustu refsinga lét félagið til sín taka og kynnti málefnið fjölmörgum embættismönnum og leitaði aðstoðar sérfræðinga (*Tímamót*, e.d.).

## 2.6 Trúnaðarráð fanga-Afstaða

Þann 23. janúar árið 2005 var félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun fanga stofnað á Litla-Hrauni. Félagið fékk nafnið *Afstaða* til ábyrgðar og hefur aðsetur í fangelsinu að Litla-Hrauni. Áður en *Afstaða* kom til sögunnar hafði verið til staðar trúnaðarráð fanga sem hafði þó lengst af legið í dvala (*Frá Trúnaðarráði*, 2003).

Í markmiðalýsingu kemur m.a. fram að meginmarkmið félagsins sé að vinna að tækifærum fyrir fanga; tækifæri til ábyrgðar og endurreisnar sem og að búa fanga

undir endurkomu út í samfélagið. Einnig er það hluti af markmiðum *Afstöðu* að hlúa að aðstandendum fanga, fjölskyldum og vinum. Félagið leitast eftir að standa að fræðslu á meðal fanga sem og frjálsra manna og veita öllum þeim aðstoð sem eftir henni sækjast. Með þessu vilja stjórnarmeðlimir *Afstöðu* upplýsa og fræða aðra um fangelsi, orsakir fangavistar og afleiðingar hennar frá ýmsum sjónarhornum (Sjá viðauka A).

Félagið tekur afdráttarlausa afstöðu gegn vímuefnum og kveðst vilja leggja sig fram í að vinna gegn vímuefnavandanum; einkum eftirspurninni og lönguninni. Félagið tekur fram og leggur áherslu á að ofneysla áfengis- og vímuefna sé samfélagslegt heilbrigðisvandamál (Sjá viðauka A).

Í stjórn *Afstöðu* eru fjórir meðlimir; einn tilsjónarmaður auk þriggja stjórnarmeðlima. Stjórnin er valin úr hópi þeirra félagsmanna sem eru í opnu og sýnilegu kjöri að tillögu félagsmanna. Stjórn *Afstöðu* hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins en starfar þó í samráði við félagsmenn (Sjá viðauka A).

### **Kafli 3. Fjölskyldan**

Svo virðist sem fátt sé eins augljóst og hversdagslegt og hugmyndin um fjölskyldulíf. Fjölskyldan er nokkuð sem allir geta tengt sig við. Öll fæðumst við inn í eina slíka og eyðum stórum hluta ævinnar sem hluti af fjölskyldunni. Eins algengt og þekkt hugtakið fjölskylda er, þá er það einnig hugtak sem nokkuð erfitt er að henda reiður á. Að koma með alhliða skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda, sem allir yrðu á eitt sáttir um, væri álíka líklegt til árangurs og negla búðing við vegg (Newman og Grauerholz, 2002).

Í skýrslu *Landsnefndar á ári fjölskyldunnar* árið 1994 var sett fram skilgreining á hugtakinu fjölskylda. Sú skilgreining hljóðar svo:

*„Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómsundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvort öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu.“* (Tillaga til nr. 692 þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar).

Hvort sem hjónabandið eða fjölskyldan er formleg eða óformleg, þá er hún sú umgjörð sem okkur verndar og tengir saman. Einstaklingurinn leitar til fjölskyldunnar hvort sem gleði ríkir eða erfiðleikar steðja að. Félagslegt hlutverk fjölskyldunnar hefur á köflum verið á reiki í tímans rás, þótt ljóst sé að hún hafi ávallt gegnt því lykilhlutverki að vera frumhópur einstaklingsins. Í fjölskyldunni er ýmsum áföngum einkalífsins fagnað s.s. fæðingu, giftingu, skírn og fermingu en atburðir líkt og veikindi, skilnaður, dauðsfall eða annar missir þjappa fjölskyldumeðlimum saman (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Fangelsisvist er lífsreynsla sem snertir alla fjölskylduna. Þegar kemur að afplánun er aðskilnaðurinn við fjölskylduna talinn einna verstur fyrir fangann og samskipti við fjölskyldu t.a.m. með bréfaskriftum, símtölum og heimsóknum eru því einkar mikilvæg fyrir hann (Loucks, 2005). Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að viðhalda fjölskyldutengslum í afplánun og eru þau mikilvægasti þátturinn þegar kemur að góðum árangri er fangar koma aftur út í samfélagið en einnig draga góð fjölskyldutengsl úr endurteknum afbrotum (Loucks, 2005). Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að vistun fanga sem næst fjölskyldu þeirra bætir fjölskyldutengsl og minnkar líkur á endurteknum brotum (Light og Campell, 2006).

## **Kafli 4. Framkvæmd rannsóknar**

Vinna við rannsókn þessa hófst í febrúar 2008 og henni lauk í ágúst sama ár. Tekin voru viðtöl við 5 aðstandendur fanga og fóru þau ýmist fram á heimili viðmælanda eða á heimili rannsóknaraðila. Notast var við hálfstöðluð viðtöl þar sem stuðst var við nokkuð staðlaðan spurningalista en viðmælendum var þó gefin kostur á að tjá sig sem mest. Hálfstöðluð viðtöl eru ekki eins stíf og lokuð viðtöl, og nýtast einna helst þegar rannsakandinn vill rannsaka efnið á opinn hátt. Mikilvægt er að rannsakandinn hlusti vel á viðmælanda og leyfi honum stjórna ferðinni (Esterberg, 2002).

Vinna rannsóknarinnar hófst með því að haft var samband við félag aðstandenda fanga, *Aðgát* og þeim send tilkynning um rannsóknina þar sem óskað var eftir þátttakendum. Í framhaldinu var rannsóknaraðila boðið að sitja fund með félaginu. Samkvæmt reglum var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar.

## 4.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknaraðferðir í félagsvísindum eru ýmist meginlegar eða eigindlegar. Í meginlegum rannsóknaraðferðum er lagt upp með kenningu sem rannsóknaraðilinn vill prófa. Gögnum er síðan safnað í formi kannana en þar má nefna símakannanir eða póstkannanir. Úrtak er stórt í meginlegum aðferðum á meðan eigindlega aðferðin byggir á smærra úrtaki. Úrvinnsla gagna í meginlegri aðferð er tölfræðileg og rannsóknaraðilinn er hlutlaus við greiningu gagna á meðan að eigindlegur rannsóknaraðili vinnur úr gögnum sínum með þeim og er mikill þátttakandi við greiningu gagnanna (Neuman, 2003).

Í eigindlegum rannsóknum reyna rannsakendur með aðferðum sínum að skilja tilgang félagslegra atburða út frá þeim sem taka þátt í þeim. Einnig einbeita þeir rannsakendur sér að einstaklingsbundnum eiginleikum lífsins (Esterberg, 2002). Eigindlegir rannsakendur byrja ekki á rannsókn með kenningu, líkt og gert er í meginlegum aðferðum, heldur byrja þeir á því að kanna hin eigindlega reynsluheim fólks (Esterberg, 2002).

Eigindlegar aðferðir eru því ákjósanlegur kostur þegar kemur að því að rannsaka efni sem þarfnast mikillar rýni, sem og þegar rannsakandi vill nálgast viðmælendur og upplifun þeirra á opinn hátt.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við eigindlega rannsóknaraðferð en með henni má ná fram sjónarmiðum og skoðunum viðmælenda á mun opnari hátt en ella.

Í undirbúningi rannsóknar sat rannsóknaraðili fund með félagi aðstandenda fanga, *Aðgát*. Í marsmánuði voru tekin þrjú upplýsandi viðtöl við trúnaðarráð fanga, *Afstöðu* sem og félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar og forstöðumann fangelsisins að Litla-Hrauni. Í rannsóknarviðtölunum var stuðst við hálf staðlaðan spurningavísi (sjá viðauka B). Hálfstaðlaður spurningavísir hefur að geyma fyrirfram ákveðnar spurningar sem allir viðmælendur svara en viðmælendum var jafnframt gefinn kostur á að tjá sig sem mest.

## 4.2 Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Að kanna tilfinningalega upplifun aðstandenda fanga sem og fá fram óskir þeirra og þarfir í tengslum við þá þjónustu sem er til staðar

t.a.m. heimsóknir. Litið var á ferlið í heild sinni, frá því að afbrot verður og þar til afplánun hefst.

### 4.3 Val á þátttakendum og aðgengi

Hálfstöðluð viðtöl voru tekin við fimm aðstandendur fanga sem annað hvort sitja af sér dóm eða hafa lokið afplánun. Þrír viðmælendur fengust eftir að rannsóknaraðili hafði setið fund með félagi aðstanda *Aðgát* en tveir bættust við eftir að einn viðmælandi hafði samband við þá fyrir hönd rannsóknaraðila. Seinni aðferðin sem notast var við kallast snjóboltaaðferð en sú aðferð felur í sér að nálgast viðmælendur með tilvísunum frá öðrum. Viðmælendurnir eru því í sameiginlegu neti sem rannsóknaraðilinn hefur áhuga á og nýtir hann snjóboltaaðferðina við að velja sér úrtakið. Nafnið kemur af snjóboltanum sem byrjar smár en endar stór eftir því sem hann rúllar yfir blautan snjóinn og bætir á sig snjó til viðbótar (Neuman, 2003).

Allir viðmælendur undirrituðu upplýst samþykki (sjá viðauka C) fyrir þátttöku í rannsókninni. Í skjalinu kom meðal annars fram hverjir væru ábyrgðaraðilar rannsóknarinnar og hvert markmið hennar væri. Einnig var viðmælendunum þar gert kunnugt hvernig meðferð gagnanna yrði háttað, staðfest að öllum nöfnum og persónulegum upplýsingum yrði breytt og að ekkert kæmi þar fram sem hægt væri að rekja til þeirra á einn eða annan hátt.

#### 4.3.1 Þátttakendur

*Guðrún Guðmundsdóttir*, móðir 29 ára fanga í langtímaafplánun.

*Lilja Ágústsdóttir*, móðir 28 ára fanga með nokkra dóma að baki

*Soffía Reynisdóttir*, móðir 22 ára fanga með 2 ára dóm að baki

*Þórunn Magnúsdóttir*, móðir 30 ára fanga í langtímaafplánun

*Magnea Ásgeirsdóttir*, systir 30 ára fanga með langtímadóm að baki

## 5.4 Gagnasöfnun

Gagnasöfnun fyrir hálfstöðluðu viðtölin fór fram á tímabilinu apríl-júlí 2008. Fyrstu tvö viðtölin fóru fram á heimili viðmælenda en hin þrjú á heimili rannsakanda. Viðtölin fóru öll fram á mismunandi dögum og tímum. Lengd viðtalanna var misjöfn eftir viðmælendum, allt frá hálfri klukkustund í rúma klukkustund.

## 4.5 Skráning og úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin upp á hljóðupptökutæki og að því loknu voru viðtölin afrituð af upptökutækinu yfir á tölvu. Rannsóknargögn töldu samtals 70 blaðsíður. Að gagnaöflun og skráningu lokinni hófst úrvinnsla og greining gagnanna en hún fór fram með þeim hætti að margsinnis var lesið yfir gögnin. Því næst voru nokkur meginþemu dregin fram (sjá viðauka B) og verða þau útskýrð nánar í niðurstöðukafla þessa verkefnis.

## Kafla 5: Niðurstöður

Við greiningu gagna komu fram nokkrir sameiginlegir þættir hjá viðmælendum sem síðar voru dregnir saman í þemu. Ákveðið var að skipta tveimur þeirra í yfirþemu og undirþemu. Fyrsta þemað snýr að þjónustu við aðstandendur sem skiptist svo í skort á upplýsingum og úrbótum á þjónustunni. Annað þemað snýr að heimsóknum og skiptist í aðstæður til heimsókna og úrbótum á þeim. Þriðja og síðasta þemað snýr að þörf aðstandenda fyrir stuðning. Líðan aðstandenda kemur nokkuð eðlilega samþætt inn í þemun þrjú sem tekin eru fyrir hér á eftir.

Þrátt fyrir þessa sameiginlegu þætti í rannsókninni er þó ekki hægt að alhæfa reynsluna á hóp aðstandenda í heild sinni en vissulega sýna niðurstöðurnar ákveðinn samhljóm meðal aðstandenda.

### 5.1 Þjónusta við aðstandendur

Þó nokkur þjónusta er í boði fyrir aðstandendur fanga en svo virðist sem aðgengi að henni og upplýsingar liggi ekki nægilega ljóst fyrir. Aðstandendur geta leitað til félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar, fangaprests Þjóðkirkjunnar sem og félags aðstandenda *Aðgát*.

### 5.1.1 Skortur á upplýsingum

Vissuleg er upplifun hvers og eins einstök en það var nokkuð áberandi þráður í viðtölunum hversu illa upplýstir aðstandendur fanga voru þegar viðkomandi fangi var færður í gæsluvarðhald eða afplánun. Upplýsingar um hvernig heimsóknir ganga fyrir sig, almennur stuðningur og þjónusta við aðstandendur á meðan á afplánun stendur fá aðstandendur ekki nema að þeir leiti eftir þeim upplýsingum sjálfir, eða líkt og Guðrún sagði:

*„...það mætir manni bara harður heimur og maður þarf bara að sækja sér allar upplýsingar sjálfur..... í sjálfu sér finnst mér vanta þetta að maður sé upplýstur um hlutina....því mér finnst þetta soldið....svona harður...þetta er harður heimur...bæði fyrir aðstandendur að fara í gegnum og líka fyrir þann sem er að afplána”.*

Einnig var nokkuð um það að aðstandendur fengu upplýsingar um þjónustu og aðbúnað frá föngunum sjálfum. Soffía hafði orð á því er hún var spurð um vitneskju um aðbúnað sonar sínar en svarið var einfalt:

*„...mér fannst aldrei neitt liggja ljóst fyrir....hvernig þetta væri....soldið þurft að fiska eftir því sjálfur og hann að bera upplýsingar til okkar....”*

Sömu sögu hafði Lilja að segja um afplánun sonar hennar:

*„Hann sagði sjálfur að þetta er ekki svo slæmt.... þannig að nei við vissum ekkert nema frá honum....”*

Í öllum viðtölunum kom fram að aðstandendur höfðu ekki vitneskju um að þeir gætu leitað sér aðstoðar hjá félagsráðgjöfum Fangelsismálastofnunar en hluti af starfi félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar er að veita stuðning til fjölskyldna fanga. Þjónusta þessi virðist þó ekki vera nægilega sýnileg aðstandendum en það sést einna helst á svörum viðmælenda þegar falast var eftir því hvort að fjölskyldan hefði leitað

til félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar. Magnea, systir langtímafanga sem hefur lokið afplánun, svaraði einfaldlega þegar hún var spurð hvort fjölskyldan hefði leitað eftir þjónustu félagsráðgjafa:

*Nei enginn af okkur...er það í boði sem sagt?*

Nokkrir aðstandendur höfðu fregnir af þjónustu félagsráðgjafanna af fundi hjá félagi aðstandenda. Einhverjir tengdust þá fanga sem höfðu lokið afplánun. Soffía, móðir fanga sem hafði lokið afplánun hafði ekki vitneskju um starfsemina fyrr en á fyrrgreindum fundi:

*„Ég vissi nú ekki einu sinni fyrr en á fundi hjá Aðgát fyrir ekki svo löngu síðan að það væri möguleiki..... það var aldrei einhvern veginn opnað fyrir manni að aðstandendur geta gert þetta og þetta....það var frekar eins og við gætum ekkert gert...það var enginn að tilkynna þetta.... ég man ekki eftir því að okkur hefði verið boðið eða rætt um hvað við gætum gert...ég upplifði þetta, sem aðstandandi, eins og við værum eitthvað auka.....“*

Svipaða sögu hafði Lilja, móðir fanga, að segja:

*„Nei aldrei...ég hreinlega vissi ekki að það væri hægt....ekki raun....já fyrr en að einn félagsráðgjafinn kom á fund hjá Aðgát....og það var bara núna um daginn..á síðasta fundi..maður veit ekkert svona...það þarf að grafa allt upp sjálfur...enginn sem segir þér hvernig þetta er og hvaða þjónustu maður hefur kost á....“*

### 5.1.2 Úrbætur á upplýsingagjöf

Hluti af markmiði rannsóknar þessar, var að fá fram óskir og þarfir aðstandenda fanga í tengslum við margvíslega þætti fangelsunar. Að viðkomandi einstaklingur fari í

fangelsi er mikil breyting á hinu daglega lífi, hvort sem litið er til fangans eða aðstandenda. Góðar og haldbærar upplýsingar um framgang mála getur skipt sköpum fyrir aðstandendur.

Stuðningur fjölskyldu er augljóslega mikilvægur í þessu ferli og mikilvægt að fjölskyldan sé vel upplýst frá upphafi. Flestöllum viðmælendum fannst mikilvægt að fjölskyldan yrði látin vita um leið og atburður gerist eða viðkomandi er færður í hald, þrátt fyrir að hann væri kominn yfir 18 ára aldurinn. Oft fréttu aðstandendur af afbroti í gegnum fréttamiðla eða á annan hátt:

*„Mér finnst bara nauðsynlegt að láta alla fjölskylduna vita.....það er ekki þægilegt að heyra þetta í útvarpinu...“*

Svipaða sögu hafði Þórunn, móðir langtímafanga að segja:

*Sko mér finnst að fangelsismála....eða lögreglan megji hringja í foreldra...hann var s.s. kominn yfir tvítugt og var fluttur að heiman og ég frétti þetta daginn eftir.... mér finndist að það ætti að hringja í foreldra eða einhvern á þeirra vegum og láta vita....*

Viðmælendur ræddu mikið um einhvers konar ferli sem ætti færi í gang þegar viðkomandi væri færður til fangelsisvistar. Töldu þeir að það væri mikilvægt að aðstandendur fengju vissar grunnupplýsingar á blaði s.s. upplýsingar um heimsóknir og símatíma. Einnig þótt þeim mikilvægt að einhvers konar skýrsla eða skrá væri útbúin um hvern fanga og haldnir væru nokkurs konar fjölskyldufundir. Soffía, móðir fanga, kom með áhugaverðann punkt í þessu sambandi:

*„Mér finnst að það ætti að boða á fjölskyldufund....með sálfræðingi og félagsráðgjafa...sitja aðeins og ræða málin..svona eins og pabbi minn fór í stóra hjartaaðgerð og öll fjölskyldan var boðuð á fund og sagt hvernig hann myndi verða á eftir og hugsanlega hvernig honum liði andlega....talað um endurhæfinguna og bara farið í gegnum allt...og bara með fjölskyldu...bara allir sem vildu mæta og*

*Það var rosalegur stuðningur í því...en svo lendir barnið manns í fangelsi og það er ekkert...ekkert...bara...sko...eitthvað svona sem er fyrirfram...þú ert boðaður á þennan fund með þessu fólki og það bara talar um málið og klappar aðeins á bakið á þér og segir að maður þurfi ekki að hafa áhyggjur...“*

Það getur reynst töluvert áfall að komast að því að ekkert ferli fari í gang þegar viðkomandi fer í fangelsi. Virðist nokkuð gengið að því vísu að fjölskyldur hafi allar upplýsingar á reiðum höndum en svo er fjarri. Flestir viðmælendur voru að upplifa fangelsun í fyrsta skipti og því með litla reynslu í þessum efnum. Guðrún benti á að fjölskyldan hefði verið:

*„...eins og álfar út úr hól. Við höfum aldrei verið með afbrotamann í fjölskyldunni...við höfum bara séð þetta í bíómynd. Og það fyrsta sem ég hugsaði var...bíddu er engin skýrsla búin til um mann..... ....auðvitað á þetta bara að vera eins og þú sért að fara á spítala. Það verði til skýrsla um þig...“*

Grunnupplýsingar um heimsóknir og símatíma til aðstandenda gæti verið stór þáttur í að hjálpa þeim að takast á við þessa miklu breytingu. Hér skal bent á að fangar fá upplýsingabækling við komuna í fangelsið og koma þar fram helstu atriði hvað varðar símatíma, heimsóknir og aðbúnað á klefa svo fátt eitt sé nefnt. Aðstandendur jafnvel í fengu sumir fyrst upplýsingar í kjölfar þess að nýta sér símatíma eða aðra þjónustu en Þórunn minntist á það:

*„...eins og það að það megi ekki hringja nema vissa daga..einn má hringja... og ég fékk ofboðslega yfirhalningu þegar ég hringdi eða í fyrsta skipti sem ég hringdi... vegna þess að hann var búinn að fá símtalið og ég sagði ha?! Það var enginn sem sagði mér það....að þó að það væri ekki nema að fá eitthvað blað sem að stæði allt á....að maður gæti þess*

*vegna nálgast það niður á lögreglustöð eða eitthvað...hvað...hvaða reglur eru hvar...*”

Magnea, sem er ein af stofnendum félags aðstandenda, ræddi hugmynd um upplýsingabækling sem var hluti af þeirra grunnvinnu þegar félagið var stofnað:

*„Það sem við vorum einmitt með í hugmyndavinnunni að gera bækling....bara neyðarbækling fyrir...sem löggan gæti komið með eða presturinn til fjölskyldna bara strax....um leið og fanginn er tekinn..það myndi gera geðveikt ef maður hefði vitað af einhverju svona....”*

## **5.2 Heimsóknir**

Heimsóknir eru mikilvægur hluti af afplánun fanga og aðstandenda þeirra. Allir viðmælendur áttu það sameiginlegt að vera duglegir að heimsækja sinn fanga, þrátt fyrir langar vegalengdir oft á tíðum. Þó var það nokkuð áberandi í samtölum við aðstandendur að heimsóknaraðstaðan væri nokkuð slæm og þörf væri á úrbótum.

### *5.2.1 Aðstæður til heimsókna*

Heimsóknir fara fram í sérstakri heimsóknarálmu á Litla-Hrauni. Þar hitta fangar fjölskyldur og vini sína í lokuðu rými eða herbergjum. Í viðtölunum kom fram óánægja með heimsóknaraðstöðuna. Þeir þættir sem bárust í tal voru heimsóknarherbergin sjálf og skortur á útiaðstöðu. Aðkoman að fangelsinu var einnig hugarefni eins viðmælanda og virðist sem aðkoman að fangelsinu skipti miklu máli fyrir aðstandendur en jafnframt lýsir hún nokkuð þeim heimi sem er þar fyrir innan en það má sjá á orðum Guðrúnar:

*„Það er risastórt plan þarna...þú veist...af hverju er ekki hægt að gera þetta eitthvað huggulegra...ég hefði næstum þurft staf til þess að geta labbað þarna inn..... mér finnst þetta óaðlaðandi....virkilega...mér finnst það segja manni að þetta*

*sé soldið harður heimur að koma þarna inn... og  
já...aðstöðuna má gera vistlegri og huggulegri.....*

Fyrir þá aðstandendur sem eru að koma með börn með sér í heimsóknir í fangelsi, var einróma álit um það að staðurinn væri ekki æskilegur fyrir börn. Breyta þyrfti aðstæðum til að vistlegra væri fyrir börnin að koma þangað og að aðstaða væri fyrir börnin til að leika sér. Ung börn þurfa að hafa pláss til að athafna sig og því getur verið erfitt að vera í litlum herbergjum í nokkrar klukkustundir. Líkt og Þórunn sagði um sína reynslu:

*„Svo eins og með son minn og hann er með börn....að þau fái  
að leika sér...einhversstaðar heldur en að vera læstur inni í  
herbergi.... þau verða pirruð og svona....þau eru svo lítil....”*

Guðrún, móðir fanga, lýsti því hvernig yngri börn hennar og ömmubarn hafa tekið fyrir það að fara í heimsóknir í fangelsið sökum aðstæðuleysis:

*„....ég er með lítil börn og þau neita að fara þarna  
inn...bræður hans..hvað heldurðu að þau nenni að hanga inni  
í nokkrum fermetrum.... hann á 10 ára son og hann neitar að  
fara þarna..þannig að í rauninni.... hann er hættur að sækja  
um heimsókn fyrir þá....þeir bara neita...ofboðslega dapurt....”*

Föngum er ekki leyft að vera undir berum himni með aðstandendum sínum. Heimsóknirnar, sem eru ýmist nokkrir klukkutímar að lengd, get því orðið erfiðar þegar engin aðstaða er til útveru. Sérstaklega átti þetta við þegar sumartíminn er genginn í garð og heitt er í veðri. Það var því nokkuð áberandi í viðtölunum að aðstandendur vildu hafa aðstöðu til útiveru líkt og Þórunn benti á:

*„....ég myndi vilja fá að fara út í garð með honum...maður  
situr þarna í 3-4 tíma og glampanði sól....að maður geti farið  
út í garð og jafnvel spjallað við þetta fólk sem maður þekkir  
[viðmælandi vísar í aðra aðstandendur] og jafnvel tengst þeim  
líka....”*

Einum viðmælanda þótti heimsóknaraðstaðan nokkuð ásættanleg, svo lengi sem hún væri ekki með börnin en Magnea, systir fanga lýsir því svo:

*„Uuuu..mér fannst það allt í lagi á meðan ég var ekki með börnin með mér...það var kannski allt í lagi að vera með börnin ef maður var í stóru herbergjunum....þau eru alveg allt í lagi en hin þarna eru alveg...jafn stórt og þetta borð liggur við[vísar til borðsins sem við sitjum við], þetta var bara ekki mönnum bjóðandi”.*

### 5.2.2 Úrbætur á heimsóknaraðstöðu

Í viðtölum við aðstandendur var falast eftir óskum þeirra á hinum ýmsu þáttum, þar á meðal úrbótum á þeirri heimsóknaraðstöðu sem fyrir er. Þórunn, móðir fanga, minntist á þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru við Litla-Hraun og benti jafnframt á nokkuð hagsýna leið við byggingu þess:

*„....þó það væri ekki nema að maður fengi þetta hús sem á að fara að byggja...svo verða kannski engir peningar til en það yrði svolítið öðruvísi....mér finnst þetta svolítið þvingandi að láta veskið sitt og svona... en kannski láta fangana hjálpa til við að byggja...virkja þá svolítið...svona eins og í gamla daga þegar menn voru látnir vinna, heya og svona...”*

Líkt og komið hefur fram hér að framan var útvistarsvæði viðmælendum mjög hugfangið efni og áttu viðmælendur það sameiginlegt að vilja sjá útvistaraðstöðu fyrir gesti. Guðrúnu fannst það ganga fyrir í úrbótum á heimsóknaraðstöðunni:

*„...ég meina eins og ég segi af hverju þegar það er gott veður...af hverju má ekki gera einhverja aðstöðu úti..það náttúrulega sko númer 1,2 og 3...þú veist vera...að það sé einhver garður eða eitthvað vistlegt sem hægt er að gera..”*

Hún benti jafnframt á að börn hefðu meira gaman af því að koma í heimsókn ef það væri aðstaða til útiveru í fangelsinu:

*„...þegar þeir koma að heimsækja bróðir, heldurðu að það væri ekki miklu skemmtilegra að geta verið úti í fótbolta...þó að það væri bara smá útivistarsvæði...eins og þegar sonur hans kemur...”*

Stærð heimsóknarherbergja bar einnig á góma viðmælenda en þau eru að þeirra mati of lítil og mættu vera mun rýmri. Þó fannst Lilju hún ekki geta kvartað of mikið sökum þeirra aðstöðu sem sonur hennar væri kominn í:

*„...klefarnir eru mjög litlir og það getur verið mjög erfitt að vera þar inni í kannski 2 eða 3 tíma.... verður ofsalega heitt og maður getur ekkert farið fram og staðið þar...en svona er þetta bara og ég vil helst ekkert vera að kvarta yfir þessu....”*

### **5.3 Þörfin fyrir stuðning**

Það var augljós þráður í viðtölunum að mikil þörf var fyrir stuðning fyrir aðstandendur. Félag aðstandenda, *Aðgát*, hefur starfað frá árinu 2003 og hefur gefið góða raun ef marka má frásagnir viðmælenda. Fundir eru hjá félagi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. En sem fyrr var það oft raunin, að aðstandendur þurftu að leita eftir upplýsingum sjálfir um slíkan stuðning líkt og Soffía lýsir:

*„...ég var bara heima einhvern daginn og var að verða brjáluð..ég vissi ekki hvað ég átti að gera...langaði bara...bara reið út í hvernig var farið með hann í kerfinu... Ég hringdi niður á Vernd og spurði þar hvort að þeir vissu um eitthvað félag sem maður gæti talað við...hvort að væri eitthvað í gangi..þá sögðu þeir mér frá Aðgát og sögðu mér að hringja í prestinn og ég hringdi í hann og það var akkúrat fundur sama kvöldið og ég get sagt þér það þvílíkur léttir að fara. Allir skyldu þetta svo vel...allir búnir að lenda í þessu”.*

Stuðningur frá aðilum sem deila sömu reynslu getur reynst mikið haldreipi fyrir þá einstakling sem eftir honum leita. Það skyldi því engan undra að það fylgir því viss léttir að vita af öðrum í sömu sporum. Magnea komst svo að orði:

*„...í rauninni er þetta bara eins og með alkana, besti stuðningurinn er bara af reynslu...fólk með sömu reynslu í rauninni. Bara þetta að einhver komi og segi bara þetta verður ekki alltaf svona, þetta lagast. Þú veist...hann hefur það ekki slæmt eða það hefði getað farið verr....”*

Fyrir móður að missa barn sitt inn í fangelsi getur reynst afar erfitt. Ásakanir í eigin garð geta komið upp og því er afar mikilvægt að hitta aðra er upplifa það sama. Guðrún ræddi stuðninginn frá Aðgát og þær tilfinningar sem bárust í brjósti hennar:

*„...en svo náttúrulega fór ég og það hjálpaði manni ofboðslega mikið...það var rosalegur léttir sem móðir að fara þarna og hitta aðra í sömu sporum...af því að mér fannst ég alveg ein í heiminum alveg svona...maður fer alveg inn á þetta hvað hef ég gert...maður hefur brugðist... ég hugsaði bara...það er til fleira fólk í svona aðstöðu og maður sjálfur og það er ofboðslega mikill léttir..”*

Til að einstaklingar leiti eftir stuðningi er nauðsynlegt að vita hvar hann er að finna. Viðmælendur höfðu orð á því að félagið væri nokkuð falið og þörf væri á að auglýsa það betur og gera fólki grein fyrir starfsemi þess. Jafnframt bentu viðmælendur á að fundirnir væru órjúfanlegur hluti af tilveru þeirra. Þórunn kvaðst hafa frétt af félaginu frá syni sínum og sagði:

*„Hann spurði eða sagði mér að þarna væru aðstandendur að hittast og ég hef farið hvern einasta þriðjudag og aldrei misst úr... mér finnst voða gott að vita af þessu og vita að á þriðjudögum þá fer ég á fund....”*

Félagið er nokkuð lítið og viss kjarni sem fundina sækir. Vissulega er það kostur en huga mætti að því að fá fleiri á fundina þar sem aðstandendur fanga er nokkuð stór hópur eða líkt og Lilja minntist á:

*„...mér finnst þetta alveg ómissandi hluti en þetta er bara einu sinni í mánuði...en alveg ofboðslega gott að fara þarna og hitta aðra sem eiga sömu sögu...sömu reynslu. Við höfum verið þarna svona kjarnakonur..hópurinn er svo lítill að við þekkjumst vel...en það kannski...þyrfti já að opna þetta meira...fá fleiri...held að fáir viti af þessu. Þarf að gera þetta sýnilegra..hópur aðstandenda er svo stór en samt svo ósýnilegur”.*

Til að auðvelda vinnslu á niðurstöðum, var ákveðið að taka þá þrjá veigamestu þætti sem viðmælendur vörpuðu ljósi á.

## **Umræða**

Við vinnslu á rannsókn þessari var lagt upp með að kanna líðan, óskir og þarfir aðstandenda fanga. Fól það í sér að taka viðtöl við fimm aðstandendur fanga og finna út sameiginlega þætti í viðtölum þeirra. Við greiningu gagnanna kom bersýnilega í ljós að þjónusta við aðstandendur fanga er mjög falin. Í ljós kom að þjónustu við aðstandendur skortir ekki heldur þurfi hún að vera mun sýnilegri og aðgengilegri en raun ber vitni. Aðstandendur virðast þurfa að leita eftir upplýsingum sjálfir og voru helstu óskir þeirra að einhverskonar upplýsingabæklingur væri til staðar fyrir aðstandendur sem hægt væri að nálgast á auðveldan hátt. Grunnupplýsingar s.s. um heimsóknartíma og símatíma væri nokkuð sem gott væri að hafa aðgang að. Fjölskyldufundir var nokkuð sem bar á góma og þótti aðstandendum betur staðið að þeim þætti þegar að einstaklingur þarf að gangast undir aðgerð á sjúkrahúsi heldur en þegar einstaklingur fer í fangelsi. Fjölskyldufundir þar sem farið væri yfir helstu atriði eru því augljóslega nauðsynlegur hluti af ferlinu. Í þessu sambandi má nefna tillögur Framtíðarnefndar um uppbyggingu fangelsisins að Litla-Hrauni. Í þeim kemur fram að ekki sé nægilega hlúð að fjölskyldum fanga. Mælst er til þess að fjölskyldum sé boðið upp á fræðslu um fangelsið, viðtal við starfsmann fangelsisins sem og

fjölskylduráðgjöf hjá félagsráðgjöfum Fangelsismálastofnunar. Auk þess er minnst á að svokölluð fjölskylduviðtöl færu fram utan venjulegs heimsóknartíma svo hann skerði ekki venjulegan heimsóknartíma.

Annar veigamikill hluti af niðurstöðum rannsóknarinnar eru heimsóknir aðstandenda. Til að þær geti farið vel fram þurfa aðstæður að vera góðar. Aðstæður til heimsókna hér á landi eru nokkuð ófýsilegar að mati viðmælenda. Heimsóknarherbergi eru lítil og heitt verður þar inni á sumarmánuðum. Ekki er boðið upp á þann möguleika að eyða heimsóknartímanum utandyra en slíkt þætti mikill kostur þegar börn eru annars vegar. Einnig skiptir sköpum sú aðkoma sem er að fangelsinu. Vistlegra umhverfi og sérstakt heimsóknarhús er nokkuð sem vert er að skoða. Þó má benda á að fyrir liggja áætlanir um byggingu nýrrar heimsóknarálmu við fangelsið að Litla-Hrauni þar sem gert er ráð fyrir útvistarsvæði og þarfir barna hafðar í huga við hönnun.

Þriðji þáttur niðurstaðna þessarar rannsóknar var þörfin fyrir stuðning. Allir viðmælendur höfðu á einhverjum tímapunkti leitað til félags aðstandenda, *Aðgátar*. Ástæða fyrir ásókn viðmælenda til félagsins var fyrst og fremst stuðningur. Fundir félagsins voru nokkuð órjúfanlegur hluti af tilveru viðmælenda og mesti styrkurinn fólst í því að hitta aðra með sömu reynslu. Viðmælendur voru nokkuð sammála um að félagið væri nokkuð illa auglýst og þyrfti að fara í kynningarherferð á félaginu.

Að mörgu er að hyggja þegar einstaklingur hverfur til innilokunar. Aðstandendur fanga virðast vera týndir í frumskógi réttarkerfisins og vita ekki hvert þeir geta snúið sér. Hluti af starfi félagsráðgjafans hjá Fangelsismálastofnun er að sinna fjölskyldum og aðstandendum fanga. Þrátt fyrir það virðist sem nokkurs konar gjá sé til staðar á milli félagsráðgjafa og aðstandenda. Aðstandendur hafa ekki upplýsingar um þjónustu félagsráðgjafanna og að auki þurfa félagsráðgjafar að finna út leið til að nálgast aðstandendur þar sem hópurinn virðist vera nokkuð lokaður. Félagsráðgjafar Fangelsismálastofnunar hafa þó verið sýnilegri með því að mæta á fund hjá félagi aðstandenda og kynna þjónustu sína. Hlutverk félagsráðgjafanna er að miðla þjónustu sinni til aðstandenda. Þeir hafa einnig mikla yfirsýn sem nýtist vel í starfi sem er jafnt víðfeðmt og starf með afbrotamönnum og fjölskyldum þeirra. Hér er þó mikilvægt að minnst á að félagsráðgjafar Fangelsismálastofnunar eru að móta hvernig best sé að nálgast aðstandendur fanga. Réttarfélagsráðgjöf er víðtækt sérfræðisvið innan félagsráðgjafarinnar og snýr að mörgum þjónustupáttum. Nám í réttarfélagsráðgjöf er viðbótarnám við starfsréttindanámi félagsráðgjafa og í því felst

sérþekking á sviði barna-og fjölskyldumála, sérþörfum ungmenna og jaðarhópa í samfélaginu. Réttarfélagsráðgjafar veita aðstoð til fanga sem og fjölskyldna þeirra og því mun þeirra sérþekking nýtast málflokknum hvað allra best. Félagsráðgjöf er svið sem hefur yfir víðfeðmdri þekkingu að búa og byggir á heildarsýn. Heildarsýnin felur í sér að litið er til allra þeirra þátta sem snúa að einstaklingnum þegar unnið er með viðkomandi. Þar með ætti félagsráðgjöfin að nýtast föngum og aðstandendum þeirra einkar vel.

Til að bæta upplýsingagjöf til aðstandenda fanga má nefna að félag aðstandenda, *Aðgát*, heldur úti heimasíðu en þó er enginn hlekkur af heimasíðu Fangelsismálastofnunar inn á heimasíðu *Aðgátar*. Með því að setja hlekk af síðu Fangelsismálastofnunar á síðu *Aðgátar* væri verið að brjóta niður nokkurn vegg. Það má leiða líkur að því að aðstandendur fanga leiti nokkuð inn á heimasíðu Fangelsismálastofnunar eftir upplýsingum og því er það góður kostur að bæta inn hlekk á félag aðstandenda. Auk þess þarf að fara í nokkra grunnvinnu við að kynna *Aðgát* fyrir aðstandendum fanga sem og samfélaginu í heild sinni sem og greina frá þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki starfseminni. Í þessu sambandi má nefna hvort ekki sé líklegt til árangurs að setja nokkurs konar upplýsingabækling um félagið í öll heimsóknarherbergi fangelsanna. Bæklinginn væri jafnframt hægt að nálgast af heimasíðu Fangelsismálastofnunar. Vert væri að skoða þann möguleika að búa til sér síðu inni á vefsvæði Fangelsismálastofnunar þar sem eingöngu væri að geyma upplýsingar fyrir aðstandendur fanga. Þar mætti koma fram t.a.m. þjónusta stofnunarinnar við aðstandendur.

Í ljósi þess hversu mikilvægur stuðningur er fyrir aðstandendur fanga, er vert að skoða þann möguleika að byggja upp meðferðarstarf fyrir þennan hóp sem væri þó aðstandendafélaginu óviðkomandi í ljósi þess að grasrótin liggur þar. Jafnvel væri hægt að útbúa sértæka hópa innan meðferðarstarfsins; einn hópurinn gæti snúið að ungum eiginkonum eða barnsmæðrum fanga. Þær gætu hist jafnvel með börn sín og myndað einstök tengsl sín á milli sem og nokkurs konar stuðningsnet.

Þegar litið er til baka, er rannsakanda efst í huga ferlið í heild sinni og hversu ánægjulegt það var. Að fá að kynnast reynsluheimi þessa lokaða hóps sem aðstandendur fanga er, er í senn gefandi en jafnframt einstaklega lærdómsríkt. Það er augljóst að hlúa þarf að þessum tiltekna hópi í samfélaginu. Nauðsynlegt er að hafa í huga að á bak við hvern fanga eru fjölmargir aðstandendur sem sitja eftir í sárum. Það málefni sem fjallað hefur verið um í þessari ritgerð er augljóslega brýnt og virðist vera

þörf á frekari rannsóknum. Jafnvel væri hægt að taka stærra úrtak og dýpka enn skilning á líðan, óskum og þörfum aðstandenda fanga.

## Heimildir

- Aðgát. (e.d.). *Um Aðgát*. Sótt þann 15. febrúar 2008 af <http://www.adgat.net/umadgat.php>.
- Ásgerður Ólafsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, Erlendur S. Baldursson og Sigurður Sigursveinsson. (2007). *Stefnumótun í menntunarmálum fanga á Íslandi*. Sótt þann 13. mars 2008 af [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/menntun\\_fanga.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/menntun_fanga.pdf).
- Björn Bjarnason. (2004). *Frumvarp til laga um fullnustu refsinga*. Sótt þann 15. mars 2008 af <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Evrópskar fangelsisreglur : íslensk þýðing. Reykjavík : [s.n.], 1989.
- Fangelsismálanefnd. (1993). *Skýrsla fangelsismálanefndar til dómsmálaráðherra um stöðu fangelsismála í dag, tillögur um brýnar úrbætur og stefnumörkun til framtíðar*. (3. útgáfa). Reykjavík: Dóms-og kirkjumálaráðuneytið.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2002). *Ársskýrsla 2001*. Sótt 31. maí 2008 af <http://www.fangelsi.is/media//stofnunin/A2001.pdf>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2004). *Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna*. Sótt 31. maí 2008 af [http://www.fangelsi.is/media//stofnunin/Markmid\\_i\\_fangelsismalum\\_med\\_lei\\_drettingu.doc](http://www.fangelsi.is/media//stofnunin/Markmid_i_fangelsismalum_med_lei_drettingu.doc).
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.a). *Starfsmenn*. Sótt þann 12. febrúar 2008 af <http://fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/starfsmenn/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.b). *Lög og reglugerðir*. Sótt þann 12. febrúar 2008 af <http://fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/log-reglugerdir/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.c). *Fangelsið Kvíabryggju*. Sótt þann 15. febrúar 2008 af <http://fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-kviabryggju/>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.d). *Fangelsið Litla-Hrauni*. Sótt þann 12. febrúar 2008 af <http://fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-litla-hrauni>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.e). *Leyfi úr refsivist*. Sótt þann 12. febrúar 2008 af <http://fangelsi.is/fangavist/leyfi-ur-refsivist/>.
- Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. (e.d.). *Réttarfélagsráðgjöf*. Sótt þann 3. september 2008 af <http://www2.felags.hi.is/id/1014547>.
- Frá Trúnaðarráði fanga á Litla-Hrauni. (2003). *Verndarblaðið*, bls. 10.
- Kolfinna Baldvinsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Sonja B. Jónsdóttir. (1995). *Fangar en ekki fólk? Vera*, 2, 11-20.

- Light, R. og Campell, B. (2006). Prisoners' Families: Still forgotten victims?. [Rafræn útgáfa]. *Journal of Social Welfare and Family Law*, 28, 297-308.
- Loucks, N. (2005). *Keeping in touch-the case for family support work in prison*. Sótt þann 20. júlí 2008 af [http://www.prisonreformtrust.org.uk/uploads/documents/KEEPING\\_IN\\_TOUCH\\_book4.pdf](http://www.prisonreformtrust.org.uk/uploads/documents/KEEPING_IN_TOUCH_book4.pdf).
- Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.
- Neuman, W. Lawrence. (2003). *Social research methods: qualitative and quantitative approaches*. Fimmta útgáfa. Boston: Allyn and Bacon.
- Newman og Grauerholz. (2002). *Sociology of families* (2. útgáfa). Pine Forge: California.
- Olav Veigar Davíðsson. (2008, 18. ágúst). Lokað fyrir innhringingar. *Fréttablaðið*. Sótt þann 22. ágúst 2008 af <http://www.visir.is/article/20080818/FRETTIR01/320773344&SearchID=73328343872809>.
- Ragna Bjarnadóttir. (2007). *Evrópskar fangelsisreglur og áhrif þeirra á íslenska löggjöf um fangelsismál*. Óbirt kandidatsritgerð: Háskóli Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf*. Fjölskyldan-hornsteinn eða hornreka. (bls. 15-59). Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Tillaga nr. 692 til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.*
- Tímamót. (e.d.). *Aðgát aðstandendur fanga*. Sótt þann 20. febrúar 2008 af [http://www.timamot.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=14&Itemid=29](http://www.timamot.is/index.php?option=com_content&task=view&id=14&Itemid=29).
- Valtýr Sigurðsson. (2004, október). *Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna*. Sótt þann 13. mars 2008 af [http://fangelsi.is/media//stofnunin/Markmid\\_i\\_fangelsismalum\\_med\\_leidrettin gu.doc](http://fangelsi.is/media//stofnunin/Markmid_i_fangelsismalum_med_leidrettin gu.doc).
- Valtýr Sigurðsson. (2005, 3. janúar). Evrópskar fangelsisreglur. *Morgunblaðið*. Sótt þann 13. mars 2008 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=837397](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=837397).

# Viðauki A

AFSTAÐA  
TIL ÁBYRGÐAR  
FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA UM BÆTT FANGELSISMÁL  
OG BETRUN FANGA

## Heiti

Félagið heitir AFSTAÐA til ábyrgðar.

## Aðsetur

Félagið hefur aðsetur að Litla-Hrauni, 820, Eyrarbakka.

## Markmið

Markmið félagsins eru fyrst og fremst þau að vinna að tækifæri fyrir fanga til ábyrgðar, endurreisnar og að búa þeim skilyrði til farsællar endurkomu út í samfélag manna. Hugað verður í hvívetna að aðstandendum fanga, fjölskyldum, vinum og öllum öðrum sem sitja í fangelsi úti í hinu frjálsa samfélagi vegna tengsla við fanga.

Stefnt verður að því að hvetja alla fanga til góðra og göfugra verka, viðhalda von þeirra og sýnilegum markmiðum á meðan fangavist varir og að henni er lokinni. Félagið vinnur með þá von í brjósti að föngum gefist tækifæri til að iðrast gjörða sinna með orðum og athöfnum og vinni sjálfum sér og samfélaginu gagn af einlægni og án sérstakra skilyrða.

Félagið gengur út frá fullkomnu og skilyrðislausu jafnræði allra og mun vinna jöfnum höndum fyrir minni sem meiri eftir því sem samræmist markmiðum og tilgangi félagsins.

Félagið mun, eftir því sem kostur er, standa að fræðslu á meðal fanga jafnt sem frjálsra manna og veita aðstoð öllum þeim sem hennar óska eftir því sem kostur er og tækifæri til. Ætlunin er að fræða og upplýsa um fangelsi, orsakir fangavistar og afleiðingar hennar út frá hinum ýmsu sjónarhornum.

Félagið tekur afdráttarlausa afstöðu gegn vímuefnum og mun leggja sig fram í baráttunni við vímuefnadrauminn og taka þátt í ýmsum verkum sem frætt geta og styrkt val þeirra sem kunna standa andspænis vímuefnum. Í baráttu sinni að þessu leyti mun félagið einkum huga að eftirspurninni og lönguninni.

Félagið leggur áherslu á að ofneysla áfengis og annarra vímuefna sé samfélagslegt heilbrigðisvandamál.

Félagið mun haga störfum sínum með þeim hætti sem best hentar félagsmönnum, aðstandendum, fangelsisfyrirvöldum og öðrum þeim sem málefni félagsins kunna að varða.

## Félagsmenn

Félagsmenn eru allir þeir, fangar jafnt sem aðstandendur og aðrir áhugasamir frjálsir menn, sem skrá sig í félagið á þar til gerðum eyðublöðum.

## Tilsjónarmaður

Félagið skipar tilsjónarmann eða framkvæmdastjóra úr hópi félagsmanna til allt að tveggja ára í senn og skal hann valinn í almennu og sýnilegu kjöri innan félagsins að tillögu félagsmanna. Tilsjónarmaður sinnir daglegum, og öðrum tilfallandi verkefnum

félagsins í samráði við stjórn og félagsmenn. Tilsjónarmaður á jafnframt sæti í stjórn félagsins og er hluti hennar.

Tilsjónarmaður skal fá greidd vikuleg laun fyrir vinnu sína úr sjóði félagsins sem nemur hálfum vikulegum launum fanga á hverjum tíma.

### **Stjórn**

Félagið skipar sér stjórn úr hópi félagsmanna til allt að tveggja ára í senn. Stjórnin skal vera skipuð þremur mönnum auk tilsjónarmanna og er hún valin úr hópi félagsmanna í opnu og sýnilegu kjöri að tillögu félagsmanna. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins í samráði við félagsmenn.

### **Fulltrúar**

Stjórnin skal skipa sér fulltrúa úr hópi félagsmanna til að vinna að sérstökum og mikilvægum málefnum sem félagið tekur sér fyrir hendur. Fulltrúar skulu starfa í nánu samráði við stjórn félagsins og taka þátt í fundum hennar eftir því sem þörf er á og aðstæður eru til. Þegar sérstaklega stendur á, og þörf er á utanaðkomandi aðstoð og þekkingu, getur stjórnin leitað sér fulltrúa utan félagsmanna og skal þá samfangur þeirra við félagið vera í samræmi við reglur sem um það gilda í fangelsum á hverjum tíma.

### **Félagsgjöld**

Félögum er frjálst að greiða vikulega framlög í félagssjóð, allt frá 100 kr á viku, en engum er skylt að greiða slíkt gjald. Þeir félagsmenn sem kjósa að greiða vikulegt gjald í félagssjóð skulu staðfesta það á þar tilgeðum eyðublöðum og eiga fangar þess þá kost að dregið sé vikulega af launum þeirra til greiðslu í sjóðinn.

### **Félagssjóður**

Engar greiðslur verðar inntar af hendi úr félagssjóði án vitundar félagsmanna og í samráði við þá. Reglulega verður því varið úr sjóðnum fjárhæð sem nemur vikulegum launum tilsjónarmanns og til greiðslu fyrir ritföng á þágu félagsins. Þá kann að verða greiddur símakostnaður vegna símtala sem eiga sér stað í þágu félagsins.

### **Upplýsingar**

Tilsjónarmaður mun, fyrir hönd félagsins, standa að útgáfu fréttæfnis og upplýsinga fyrir félagsmenn og aðra þá sem störf félagsins kunna að varða. Skal hann reglulega, og sem kostur er, senda félagsmönnum upplýsingar um starfsemi félagsins, samantekt reikninga og annað sem félagið lætur sig varða.

### **Fundir**

Félagið mun halda fundi sína í samráði við fangelsisvörð á Litla-Hrauni, einu sinni til þrisvar í viku. Þar mun félagið hitta fanga við komu í fangelsið Litla-Hraun og veita þeim leiðsögn og upplýsingar. Þá mun stjórn félagsins hitta alla fanga og félagsmenn sem þess óskar og vera þeim innan handar svo sem kostur er.

Litla-Hraun, 23. janúar 2005,  
f.h. AFSTÖÐU

## Viðauki B

### Spurningar fyrir rannsóknarviðtöl

1. Hvernig tengist þú viðkomandi fanga?
2. Þegar aðstandandi þinn var kallaður til afplánunar; fór hann einn eða fór fjölskyldumeðlimur með honum? Ef enginn með, hvers vegna?
3. Hvað fékkstu að vita um heimsóknir og önnur samskipti við fangann er hann hóf afplánun?
  - Hvernig finnst þér að eigi að haga samskiptum við fjölskyldu í þessu ferli?
4. Vitneskja um aðstæður fangans; aðbúnað á klefa og annað.
5. Fyrstu viðbrögð við afbroti/dómi/afplánun
  - Hvaða tilfinningar koma þegar hugsað er til þess að fanginn kemur út í samfélagið aftur?
6. Hvernig voru samskiptin/fjölskylduböndin fyrir afplánun?
  - Hafa þau breyst; ef svo er hvernig þá?
7. Hvernig er að vera aðstandandi fanga gagnvart samfélaginu, vinum og öðrum ættingjum?
8. Hefurðu leitað til eða unnið með félagi aðstandenda Aðgát?
  - Ef svo er, eftir hverju var leitað?
9. Hefur fjölskyldan leitað til félagsráðgjafa fangelsismálastofnunar á einhverjum tímapunkti í þessu ferli?
  - Ef svo er, eftir hverju var leitað og hvernig reyndist sú þjónusta?
10. Hvernig finnst þér heimsóknaraðstaðan á Litla-Hrauni?
  - Hvernig finnst þér að hún ætti að vera?
11. Ef boðið væri upp á tækifæri sem að stuðla að betri samskiptum við fangann, myndir þú hafa áhuga á slíku?
  - Hvað telur þú mikilvægast í því sambandi og hvaða óskir hefðir þú?

## Viðauki C

### Upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókn

#### Rannsóknaraðili

Berglind Ósk Filippíudóttir, nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.  
Netfang: bof1@hi.is

#### Ábyrgðaraðili

Dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands  
Netfang: sigjul@hi.is

#### Stutt lýsing á rannsókn

Rannsóknin er hluti af BA-ritgerð Berglindar Óskar Filippíudóttur, í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands um aðstandendur fanga. Í rannsókninni mun augum verða beint að aðstandendum fanga en verkefnavalið tengist reynslu af starfi í fangelsi.

Markmiðið er að fá fram líðan, óskir og þarfir aðstandenda fanga.

Framlag þitt er forsenda þess að hægt sé að framkvæma þessa rannsókn og bendi ég á að þátttaka þín gæti stuðlað að aukinni þekkingu á aðstæðum og óskum aðstandenda fanga. Svör verða ekki notuð á persónurekjanlega máta og verður gögnum eytt að rannsókn lokinni.

„Mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar rannsóknar um aðstandendur fanga og í hverju þátttaka mín er fólgin. Ég er samþykkt/ur þátttöku eftir að hafa lesið þessar upplýsingar og tel mig hafa fengið viðunandi svör við þeim spurningum sem hafa vaknað. Undirritun samþykkisins er skilyrði fyrir þátttöku í rannsókninni”.

---

Undirskrift þátttakanda

---

Undirskrift rannsóknaraðila

---

Ábyrgðarmaður rannsóknar

